

Borgarbyggð  
Þóra Júlíusdóttir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 19. október 2022  
UST202209-142/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulagi fyrir Galtarholt 2 í Borgarbyggð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 15. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Galtarholt 2 í Borgarbyggð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin nær til norðausturhluta skipulagssvæðisins sem er um 32 ha, en skipulagssvæðið er í heild sinni 276,5 ha. Gerðar eru breytingar á fjölda lóða og lengd vegakerfis, en skilgreindar eru 20 nýjar lóðir. Auk þess eru bætt við vegum fyrir golfbíla og leiksvæði eru tekin út.

#### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð kemur fram að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir sérstaka vernd, 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð segir einnig að forðast skuli röskun á votlendi eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint er orðalag eldri náttúruverndarlaga. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðis nýju laganna ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að farið var í vettvangsferð og valin svæði þar sem hægt sé að staðsetja mannvirki sem valda ekki raski á votlendi.

Umhverfisstofnun bendir hins vegar á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að votlendi hafa margvísleg gildi og má skipta mikilvægi þeirra upp í þrjá flokka:

Vatnsfræðilegt gildi: Í miklum rigningum taka votlendissvæði til sín vatn en miðla því frá sér í þurrkatíð. Þannig viðhalda votlendissvæði jöfnu rennsli í ám og lækjum sem er mikilvægt fyrir þær lífverur sem þar búa.

Næringarfræðilegt gildi: Mýrar geyma verulegt magn kolefna sem verða til við niðurbrot jurtaleifa. Breytingar á t.d. hitastigi og vatnsborði mýra geta valdið aukinni losun kolefnis sem getur haft áhrif á heimsvísu.

Vistfræðilegt gildi: Votlendi er mikilvægt búsvæði fugla og plantna og fjölmargar tegundir byggja tilvist sína á því. Votlendi getur þannig aukið verulega líffræðilega fjölbreytni viðkomandi landsvæðis.<sup>1</sup>

Því bendir stofnunin á að þó svo að tillagan geri ekki ráð fyrir röskun á votlendi getur uppbygging frístundabyggðar orðið til þess að búsvæði fugla raskist og fuglar leiti annað.

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur í lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af sé að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.<sup>2</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort skilyrði 61. gr. náttúruverndarlaga séu uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir  
*sérfræðingur*

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>

<sup>2</sup> <https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>